

Minnisblað

Áhrif loðnubrests á fjárhagsáætlun bæjarsjóðs

Bæjarstjórn Vestmannaeyja ákvað á fundi sínum þann 28. febrúar sl., að fela fjármálastjóra sveitarfélagsins að fara yfir fjárhagsleg áhrif yfirvofandi loðnubrests og meta hvort forsendubrestur sé fyrir tekjuáætlun fjárhagsáætlunar aðalsjóðs og hafnarsjóðs á þessu ári. Jafnframt ákvað bæjarstjóra að mat fjármálastjóra verði lagt fyrir bæjarráð til umfjöllunar.

Við mat á áhrifum loðnubrests á samfélagið í Eyjum og sérstaklega bæjarstjóð, verður að notast við samanburð loðnuvertíðar annarra ára og kanna hver mismunurinn er. Niðurstöður matsins byggja á því hvaða ár miðað er við í samanburðinum. Í gegnum árin hafa loðnuvertíðir verið misgjöfular, þ.e. í formi magns og verðmætis. Ræður þar einkum útgefinn kvóti, verð á mörkuðum, hve mikið fer í bræðslu og hve mikið fer í frystingu. Í þessu mati var ákveðið að miða við loðnuvertíðina í fyrra og skoða hvaða launatekjur sú vertíð skilaði til starfsmanna á sjó og landi. Með því er hægt að meta hvaða útsvarstekjur loðnuvertíðin í fyrra skilaði Vestmannaeyjabæ í formi tekna. Mismunur launatekna og útsvars var því metið út frá því forsendum sambærilegrar vertíð og var árið 2018, sem nam um 6 milljörðum kr. verðmæti fyrir efnahag Vestmannaeyja. Sambærilegum samanburði var beitt við að meta mismun tekna Vestmannaeyjahafnar vegna afla- og vörugjalda. Ekki liggja fyrir upplýsingar um áhrif loðnubrests á tekjur fyrirtækja í afleiddri þjónustu.

Tapaðar launatekjur starfsmanna á sjó og landi.

Samkvæmt upplýsingum frá útgerðaraðilum í Eyjum má gera ráð fyrir að tapaðar launatekjur sjómanna vegna loðnubrests nemi rúmum 500 milljónum króna komi ekkert annað í staðinn og að tapaðar launatekjur starfsmanna í landi nemi rúmum 100 milljónum kr.. Alls nema því tapaðar launatekjur starfsmanna á milli 620-630 milljónum kr. komi ekki til aðrar tekjur í staðin. í samanburði við loðnuvertíð ársins 2018. Slíkt hefur að sjálfsögðu mjög mikil efnahagsleg áhrif á samfélagið í Eyjum.

Tapaðar tekjur Vestmannaeyjabæjar vegna útsvars.

Ef gengið er út frá því að tapaðar launatekjur séu á bilinu 620 – 630 milljónir króna, þá þýðir það að Vestmannaeyjabær verður af rúmum 90 milljón kr. útsvarstekjum vegna loðnubrestsins. Auk þess má gera ráð fyrir að útsvarstekjur Vestmannaeyjabæjar dragist enn frekar saman vegna tapaðra starfa hjá fyrirtækjum í afleiddri þjónustu. Ekki liggja fyrir forsendur til að meta það tap í þessari úttekt, en ef miðað er við að töpuð ársverk hjá iðnaðarmönnum verði á bilinu 5-10 vegna loðnubrestsins má gera ráð fyrir tapaðar útsvarstekjur Vestmannaeyjabæjar geti orðið á bilinu 7-14 milljónir kr. vegna þessa.

Tapaðar tekjur Vestmannaeyjahafnar vegna afla- og vörugjalda

Samkvæmt upplýsingum frá Vestmannaeyjahöfn má gera ráð fyrir skertum tekjum vegna aflagjalda um 20 - 25 milljónir kr. ef miðað er við sambærilega loðnuvertíð og í fyrra. Ef gert er ráð fyrir að útfluttar loðnuafurðir hefðu orðið eins og í fyrra og skipting magns á milli mjöls, lýsis og frystra afurða hefði orðið eins, má gera ráð fyrir að tapaðar tekjur vegna vörugjalda af umræddum loðnuafurðum sé á bilinu 11-14 milljón kr. Aðrar tapaðar tekjur hafnarinnar vegna loðnubrestins eru áætlaðar 2 milljónir kr. Heildartap Vestmannaeyjahafnar árið 2019, miðað við sambærilega vertíð árið 2018, er því á bilinu 33-41 milljón kr.


Áhrif á fjárhagsáætlun Vestmannaeyjabæjar

Við gerð tekjuáætlunar fyrir Vestmannaeyjabæ er alla jafnan gætt varúðar og það átti einnig við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019, sem unnin var haustið 2018 og samþykkt í desember sama ár Eftirfarandi tafla sýnir þróun útsvarstekna frá árinu 2013 og hvað áætlað er í útsvarstekjur árið 2019.

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Áætlun 2019
Útsvarstekjur	2.046.093.714	1.944.582.002	2.082.023.798	2.236.970.520	2.305.758.595	2.431.009.433	2.336.000.000
Breyting á milli ára:		-101.511.712	137.441.796	154.946.722	68.788.075	125.250.838	-95.009.433
Prósentr. á milli ára		-5,0%	7,1%	7,4%	3,1%	5,4%	-3,9%
Meðalbr. í % á milli árana 2013 - 2018:		3,6%					

Eins og sést í töflunni er gert ráð fyrir að útsvarstekjur ársins 2019 verði 95 milljónum kr. lægri en rauntekjur ársins 2018. Í raun er því búið að gera ráð fyrir loðnubresti í útsvarsáætlun bæjarins. Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur lækki um 3,9% frá fyrra ári, en að meðaltali hefur útsvarið verið að hækka um 3,6% á ári frá árinu 2013. Ef gert hefði verið ráð fyrir sambærilegri loðnuvertíð og í fyrra og að útsvarstekjurnar myndu fylgja línulegri breytingu samkvæmt reynslu fyrra ára, myndu tekjurnar líta út eins og fram kemur í appelsínugulu línunni í eftirfarandi mynd.

ÞRÓUN ÚTSVARSTEKNA - ÁÆTLUN VS LÍNULEG (182,7 MILLJÓNIR)




Ef þróunin á útsvarstekjunum heldur áfram að vera línuleg má gera ráð fyrir að útsvarstekjur fyrir árið 2019 verði um 2.518 milljónir kr., en vegna varlega áætlaðra útsvarstekna í fjárhagsáætlun 2019 nema útsvarstekjur 2.336 milljónum kr. Munurinn nemur tæpum 183 milljónum kr. og þó svo að það sé ljóst að loðnubresturinn orsaki ekki forsendubrest í útsvarsáætlun sveitarfélagsins, þá mun það hafa töluverð áhrif á rekstur bæjarins ef útsvarstekjur verða í samræmi við áætlun, en fylgi ekki línulegum breytingum fyrri ára.

Þegar kemur að Vestmannaeyjahöfn þá hafa tekjur einnig verið varlega áætlaðar. Í eftirfarandi töflu er að finna þróun tekna Vestmannaeyjahafnar frá árinu 2013 og áætlaðar tekjur fyrir árið 2019:

	2013	2014	2015	2016	2017	2018	Áætlun 2019
Heildartekjur Vm.höfn	460.430.267	429.779.533	503.599.431	505.273.467	469.587.736	474.325.808	420.957.000
Breyting á milli ára:		-30.650.734	73.819.898	1.674.036	-35.685.731	4.738.072	-53.368.808
Prósentr. á milli ára		-6,7%	17,2%	0,3%	-7,1%	1,0%	-11,3%

Gert er ráð fyrir að tekjur Vestmannaeyjahafnar dragist saman um 11,3% frá árinu 2018 eða um rúmar 53 milljónir kr. Ljóst er því að loðnubresturinn einn og sér skapar ekki forsendubrest í tekjuáætlun hafnarinnar, þar sem gert er ráð fyrir tekjusamdrætti í fjárhagsáætlun ársins 2019. Tekjur Vestmannaeyjahafnar hafa þó verið mjög rokkandi undanfarin ár eins og eftirfarandi mynd sýnir:



Eins og sést á meðfylgjandi mynd þá eru tekjur hafnarinnar mjög breytilegar frá ári til árs. Tekjur hafnarinnar ráðast af því hvernig gengur í sjávarútveginum og því eru tekjur hafnarinnar ávallt varlega áætlaðar. Þó svo að loðnubresturinn feli ekki í sér forsendubrest fyrir tekjur hafnarinnar þá hefur hann veruleg áhrif á afkomu hennar og ljóst að tekjuáætlun Vestmannaeyjahafnar hefur ekki svigrúm til frekari áfalla í sjávarútvegnum á þessu ári.

Niðurstaða

Loðnubresturinn hefur mikil áhrif á samfélagið í Eyjum. Fyrir utan tekjuskerðingu fyrirtækja má gera ráð fyrir að starfsmenn sjávarútvegsfyrirtækjanna tveggja verði af 620-630 milljónum kr. launatekjum, slíkt hefur að sjálfsögðu mjög mikil áhrif á samfélagið í Eyjum. Áætla má að útsvarstekjur Vestmannaeyjabæjar skerðist beint um rúmar 90 milljón kr. og þá á eftir að taka tillit til tapaðra útsvarstekna sem tilkomnar eru vegna launatekna í afleiddri starfsemi. Ekki liggja fyrir forsendur til að áætla slíkt tap, en 5-10 ársverk iðnaðarmanna gæti þýtt tapaðar útsvarstekjur að fjárhæð 7-14 milljónir kr. Auk þess má gera ráð fyrir að Vestmannaeyjahöfn verði af tekjum fyrir 33 – 41 milljón kr.

Þar sem tekjur eru varlega áætlaðar í fjárhagsáætlun ársins 2019 er niðurstaða matsins á þá leið að loðnubresturinn einn og sér hafi ekki í för með sér forsendubrest í áætluðum tekjum í fjárhagsáætlun Vestmannaeyjabæjar fyrir árið 2019. Hins vegar verður ekki horft fram hjá því að ekki er svigrúm til frekari áfalla í tekjuáætlun Vestmannaeyjabæjar og verði tekjurnar í samræmi við áætlun í stað línulegrar hækkunar mun það hafa mikil áhrif á rekstur bæjarins.